



FLE fréttir

12. júlí 2024

Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 5 / 2024



Sæl öll,

Síðasta fréttabréf FLE fyrir sumarfrí lítur nú dagsins ljós. Við á skrifstofunni óskum þess að félagsmenn og fjölskyldur þeirra hafi það sem allra best í sumarfríinu.

Sem fyrr hvetjum við félagsmenn til að kíkja reglulega á heimasíðu félagsins sem við erum dugleg að uppfæra með fréttum og greinum. Við minnum ykkur sem fyrr á að allar hugmyndir að greinum og námskeiðum eða öðrum viðburðum eru vel þegnar. Við hvetjum ykkur líka til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum og deila áfram auglýsingum um fréttir og viðburði. FLE er á Facebook, LinkedIn og Instagram.



Félagsmaðurinn

Félagsmaðurinn er að þessu sinni Árni Claessen en hann er endurskoðandi hjá KPMG og lektor við Háskóla Íslands, búfræðingur og doktor í reikningsskilum og endurskoðun. Í fróðlegu [viðtali](#) segir hann okkur frá störfum sínum og námi, bæði hér á landi og í Bretlandi. Auk þess ræðir hann við okkur um sjálfbærni, þær áskoranir sem við sem stétt stöndum frammi við að laða að fleira fólk í stéttina og margt fleira.

[Skoðað í skjalaskápinum](#)

Sumarið 1947 ákvað FLE að gera sér glaðan dag í Oddfellowhúsinu og halda samsæti þar mánudaginn 21. ágúst. Undirbúningur hófst tímanlega því um miðjan júlí sendi félagið lögreglustjóranum í Reykjavík [bréf](#) þar sem óskað var eftir því að það fengi að hafa vinnveitingar um hönd. Þrátt fyrir ítarlega leit í skjalaskápinum fundum við ekki svarbréf lögreglustjórans og vitum því ekki hvort leyfið fékkst.

Reikningshald og endurskoðun hafa lengi verið kennd í háskólum landsins og er nú boðið upp á meistaranám í þessum fræðum bæði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Haustið 1944 fór félagið þess á leit við laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands að deildin tæki að sér kennslu í bóklegu námi fyrir þá starfsmenn sem vinna hjá löggiltum endurskoðendum og búa sig undir próf til löggildingar. Beiðnin var ítrekuð í september árið 1947 og þess óskað að námskeiðið gæti hafist þá þegar. Um leið samþykkti félagið fyrir sitt leyti reglur um tilögun kennslunnar sem Gylfi Þ. Gíslason, forseti laga- og hagfræðideildar, kynnti félaginu fyrr sama dag. Bréfin og námskeiðsreglurnar má lesa [hér](#).

[Löggildingarpróf 2024](#)

Árleg löggildingarpróf verða haldin í október. Upplýsingar um dagsetningar prófa, skráningarfrest, prófgjald og fleira má finna í [frétt](#) á heimasíðu okkar.

[Áhrif tæknibreytinga á endurskoðun](#)

Á heimasíðu Evrópusambands endurskoðenda (Accountancy Europe) er að finna afar áhugaverða [umfjöllun](#) ásamt stuttum myndböndum um áhrif tæknibreytinga á störf endurskoðenda í nánustu framtíð eins og nánar má lesa um [hér](#).

[Sjálfbærnivegferð og hlutverk endurskoðunarnefnda](#)

Á dögnum skrifuðu þau Margrét Pétursdóttir og Hafþór Ægir Sigurjónsson hjá KPMG góða og ítarlega [grein](#) um hlutverk endurskoðunarnefnda í sjálfbærnivegferð fyrirtækja.

[Viðtal við Margrétu Pétursdóttur](#)

Margrét Pétursdóttir kemur nú aftur við sögu en nýlega birtist flott [viðtal](#) við hana á heimasíðu Alþjóða endurskoðunarsambandsins (IFAC). Viðtalið er hluti af svokallaðri „Changemakers Series“ hjá IFAC sem tekur mánaðarlega viðtöl við konur til að vekja athygli á kvenleiðtogum í endurskoðendastéttinni. Viðtalið við Margrétu var birt í júní sem er „Pride“ mánuður í Ameríku þar sem fjölbreytileikanum er fagnað. Sjá nánar [hér](#).

Stórafmæli

Alls eiga 45 félagsmenn stórafmæli á þessu ári. Þrjú félagsmenn fagna þrítugsafmæli, níu eru fertugir á árinu, átta félagsmenn fimmtugir, tíu félagsmenn sextugir, fjórir sjötugir, sjö 75 ára, þrjú 80 ára og einn 85 ára. Við óskum þeim að sjálfsögðu til hamingju með afmælið. Lista yfir afmælisbörnin má finna [hér](#).

Félagsmenn á 40/40 lista Góðra samskipta

Fyrirtækið Góð samskipti birti á dögnum [lista](#) yfir 40 stjórnendur, 40 ára og yngri, sem spáð er frekari frama í íslensku viðskiptalífi. Við erum ánægð að sjá tvo löggilta endurskoðendur og félagsmenn FLE á þessum lista, þá Ásbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóra fjármála hjá ÍAV og Sigurð Rúnar Pálsson, framkvæmdastjóra fjármála og rekstrar hjá Öryggismiðstöðinni.

Skil á ársreikningum og stjórnvaldssektir

Þann 13. júní barst félaginu tölvupóstur frá ársreikningaskrá um skil á ársreikningum vegna ársins 2023 og álagningu stjórnvaldssekta vegna seinna skila og var pósturinn áframsendur á félagsmenn sama dag. Samantekt á helstu atriðum má finna [hér](#).

Kynning á skýrslu verðbréfaeftirlits Evrópu

Halldór Ingi Pálsson, sérfræðingur hjá ársreikningaskrá, hélt erindi í júní þar sem hann fór yfir helstu niðurstöður skýrslu verðbréfaeftirlits Evrópu auk þess sem hann sagði frá hvernig eftirliti er háttað hér á landi. Hann fjallaði jafnframt lauslega um væntanlegt eftirlit með sjálfbærnisráðgjöf. [Hér](#) má nálgast upptöku af erindi Halldórs Inga.

Flokkunarreglugerðin

Flokkunarreglugerð ESB nr. 2020/853 (e. EU Taxonomy) tók gildi á Íslandi þann 1. júní 2023. Í reglugerðinni eru skilgreind viðmið sem ákvarða hvort tiltekin atvinnustarfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær. Í samantektum frá [Deloitte](#), [KPMG](#) og [PwC](#) má lesa nánar um flokkunarreglugerðina á íslensku en reglugerðin snýst um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu. Flokkunarreglugerðin setur fram viðmið um það hvers konar atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær. Sett eru fram sex umhverfismarkmið í reglugerðinni: a) mildun loftslagsbreytinga, b) aðlögun að loftslagsbreytingum, c) sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, d) umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi, e) mengunarvarnir og -eftirlit og f) verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Nú hefur framseld reglugerð frá ESB verið tekin upp í EES-samninginn (og öðlast þar með gildi á Íslandi) þar sem sett eru nánari viðmið um það hvaða atvinnustarfsemi telst stuðla að markmiðum c) til f) hér að framan. Nánari upplýsingar má nálgast [hér](#). Framselda reglugerð fyrir markmið a) og b) er að finna [hér](#).

Í þessu sambandi má jafnframt benda á gott og gagnlegt [viðtal](#) í Viðskiptablaðinu við Margréti Helgu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra í sjálfbærni- og loftlagsmálum hjá Deloitte. Í viðtalinu ræðir hún um sjálfbærniregluverkið, flokkunarreglugerðina og þörf fyrirtækja fyrir ráðgjöf.

Viðburðir fram undan

Ýmsir viðburðir eru í farvatninu. Þann 10. september (12:30 til 17:30) er komið að árlegri yfirferð löggildingarprófa síðasta árs. Reikningsskiladagurinn verður haldinn eftir hádegi 20. sept. en daginn fyrir hann verður haldið námskeið, líka eftir hádegi. Viðfangsefni verða auglýst síðar en það er um að gera fyrir félagsmenn að taka þessa daga frá.

Við á skrifstofunni erum svo að skipuleggja tvo viðburði í ágúst sem tengjast félagslífi, annars vegar gönguferð en hins vegar golfkennslu.

Fyrri fréttabréf

[FLE fréttir 10. maí 2024](#)

[FLE fréttir 27. mars 2024](#)

[FLE fréttir 23. febrúar 2024](#)

[FLE fréttir 2. febrúar 2024](#)

Greinar á heimasíðu

Áhugaverðar greinar sem hafa verið birtar á heimasíðu félagsins sem við hvetjum félagsmenn til að lesa og deila áfram á samfélagsmiðlum.

[Hlutverk endurskoðunarnefnda í sjálfbærnivægferð fyrirtækja](#)

[Er sjálfbærnisráðgjafi tæk til staðfestingar?](#)

[Gjafir og glens að mati ríkisskattstjóra](#)

[Flokkunarreglugerð ESB](#)

[Tvívætt mikilvægismat](#)

[Sjálfbærniáætlun Evrópusambandsins \(ESRS\) í hnotskurn](#)

Liðnir viðburðir

Endurskoðunardagur FLE – 24. maí 2024

Kaupréttarsamningar – 23. maí 2024

Tiltektardagur í Reykjadal – 16. maí 2024

Efnahagsbrot og spilling, birtingarmyndir og varnir – 3. maí 2024

Morgunkorn – skýrleiki og skattframkvæmd – 18. apríl 2024

Morgunkorn um löggildingarprófin – 21. mars 2024

Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi? – 7. mars 2024

Skattadagur FLE – 26. janúar 2024

Er ekki tími til kominn að tengja? – 25. janúar 2024